

Rekstrar, þjónustu og afnotasamningur

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur Hafnarfjarðarbær og Brettafélag Hafnarfjarðar, kt. 590712-0860, hér eftir nefnt BH gera með sér samning um umsjón og rekstur á Brettahöllinni Flatahrauni 14.

I. Umfang samnings

1. gr.

Stjórn BH er ábyrg fyrir rekstri húsnæðisins skal halda sig innan fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri. Markmiðið með samningi þessum er að efla möguleika bæjarbúa til að stunda brettaíþróttina í bænum og að sem flestum gefist kostur á þátttöku í greininni án óhófllegrar gjaldtöku.

II. Afnot af Brettahöllinni

2. gr.

BH rekur starf sitt í tveimur deildum, snjóþrettadeild og almenningsíþróttadeild. Þrjár íþróttagreinar eru stundaðar í húsinu og er tímum til þeirra úthlutað með eftirfarandi hætti:

Hjólabretti:

Hjólabrettaæfingar eru kynjaskiptar og aldursskiptar

Mánudagar kl. 15 til 21

Þriðjudagar kl. 15 til 21

Fimmtudagar: kl. 15 til 21

Föstudagar kl. 15 til 21

Laugardagar kl. 10 til 18

BMX:

Miðvikudagar kl. 15 til 21

Sunnudagar kl. 10 til 18

Snjóþretti:

Þriðjudagar kl. 18 til 20

Fimmtudagar kl. 18 til 20

Starfsemi snjóþrettadeildarinnar fer að mestu leyti fram í Bláfjöllum. Hins vegar verða æfingar í Brettahöllinni ef lokað er í Bláfjöllum og enginn snjór innanbæjar. Á þriðjudögum og fimmtudögum er því gert ráð fyrir að hjólabretti og snjóþretti geti verið á sama tíma í húsinu.

Um er að ræða sal og geymslu alls 435,1 fermetrar

Einnig er um að ræða skrifstofurými sem Brettafélag hefur til umráða 24,9 fermetrar.

Heildarstærð er 460 fermetrar, með millilofti yfir sal.

3. gr.

Hafnarfjarðarbær á rétt á að nýta Brettahöllina í einstaka tilfellum fyrir starfsemi sína eða fyrir viðburði á hans á vegum, án endurgjalds eða gegn hóflegri gjaldtöku þ.e.a.s. ef BH veita bænum þjónustu vegna þessa, en þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi BH. Um slík afnot skal haft samráð við BH og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

III. Rekstur Brettahallarinnar

4. gr.

Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir rekstrarkostnað Brettahallarinnar skv. fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar ár hvert. Forsendur fyrir framlagi til rekstrar eru þær sömu og það myndi kosta Hafnarfjarðarbæ að reka svæðið miðað við;

- opnunartíma/þjónustutíma á dag, á viku og/eða ári sem íprótta- og tómskundafulltrúi ákveður í samráði við BH
- vaktaplan starfsmanna og umfang starfseminnar skv. fylgiskjali 2
- kjarasamninga Hafnarfjarðarbæjar við Starfsmannafélag Hafnarfjarðarbæjar eða önnur stéttarfélag

Greiðslur vegna samningsins skiptast með eftirfarandi hætti:

- a. Rekstrarframlag vegna launa starfsmanna við gæslu og húsvörslu, rekstrarumsjón, orkukostnaðar ásamt öðrum breytilegum rekstrarkostnaði innan og utandyra (sbr. fylgiskjal 1 um skiptingu Umhverfis- og skipulagsþjónustu í viðhald og rekstur), greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega.
- b. Viðhald og endurnýjun áhalda og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstrarframlag) greiðist af Hafnarfjarðabæ og byggist á forgangsröðun verkefna og fjárhagsáætlun ár hvert. Umhverfis- og skipulagsþjónusta í samvinnu við BH sér um innkaup að undanegnum verðkönnunum/útboði sem er í samræmi við innkaupareglur Hafnarfjarðarbæjar. Allt stærra viðhald húsnæðis er einnig í umsjón Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Brunatryggingar greiðast af Hafnarfjarðarbæ. Jafnframt slysatryggir Hafnarfjarðarbær börn til 18 ára aldurs í skóla- og frístundastarfi.

5. gr.

BH felur fulltrúa sínum starfsmanni/formanni/framkvæmdastjóra að sinna skyldum sínum samkvæmt samningi þessum. Ráðningu og gerð ráðningarsamninga við starfsmenn félagsins og skuldbinda sig til að hafa kjör starfsmanna í samræmi við þá samninga sem gilda um réttindi og kjör þeirra sem vinna sambærileg störf hjá Hafnarfjarðarbæ. Starfsmenn skulu hafa lokið sérstökum námskeiðum í skyndihjálpi fyrir starfsmenn ípróttamannvirkja og við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Fulltrúi félagsins skal starfa í nánú samstarfi við íprótta- og tómskundafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og hann verður að gæta þess að starfsemi BH brjóti ekki í bága við almennar reglur Hafnarfjarðarbæjar um rekstur slíkra mannvirkja. Hann skal sækja þá fundi sem íprótta- og tómskundafulltrúi telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi ípróttamannvirkja í Hafnarfirði og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli BH og Hafnarfjarðarbæjar. Hann skal einnig leitast við að aðlaga rekstur BH að þeim ábendingum sem íprótta- og tómskundafulltrúi kemur á framfæri fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

Í umboði Brettafélags Hafnarfjarðar skal fulltrúi félagsins skila íprótta- og tómskundafulltrúa yfirliti um notkun og iðkendafjölda í lok hvers árs.

6. gr.

BH skal fá í sinn hlut allar tekjur sem Brettahöllin kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og ber að greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir. Tekjur þessar eru ætlaðar til að styrkja félagið og til að bæta þjónustu við félagsmenn og bæjarbúa.

BH er einum heimilt að stunda sölustarf í BH á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar og með samþykki íþrótta- og tómskundafulltrúa.

BH er heimilt að setja upp auglýsingar sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífshátta á veggum í Brettahöllinni og skal það gert í fullu samráði við íþrótta- og tómskundafulltrúa og arkitekta sé þess þörf.

Fjáröflun BH skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Hafnarfjarðarbæ.

IV. Viðhald

7. gr.

Viðhald og rekstur Brettahallarinnar skiptist í tvo þætti samanber viðmiðunarreglur Umhverfis- og skipulagsþjónustu um skiptingu í rekstur og viðhald (sbr. fylgiskjal 1),

- a. Viðhald innan dyra, á lóð og utandyra í umsjón Hafnarfjarðarbæjar
- b. Rekstur á lóð, hús og innan- og utan dyra í umsjón BH

Viðhald/rekstur skal vera í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs og á þann hátt að starfsemi Brettahallarinnar verði fyrir sem minnstum truflunum. Lögð er áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

Allt stærra viðhald skal greitt af eigendum í samræmi við eignaskiptasamninga.

Forgangsáætlun um stærra viðhald og endurnýjun Brettahallarinnar og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstur íþróttafélags sbr. fylgiskjal 1) skal fullrúi félagsins skila inn til íþrótta- og tómskundafulltrúa fyrir 15. september ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári. Forgangsáætlunina mun íþrótta- og tómskundafulltrúa síðan áframsenda til Umhverfis- og skipulagsþjónustu sem mun stilla upp verkefnum næsta árs miðað við fjárhagsáætlun og önnur verkefni í húseignum bæjarins.

8. gr.

Umhirða, umgengni og þrif á Brettahöllinni er á ábyrgð BH og skal vera í samræmi við kröfur Hafnarfjarðarbæjar og heilbrigðisyfirvalda. Allar breytingar á Brettahöllinni og/eða lóð hennar eru óheimilar án skriflegs leyfis frá Hafnarfjarðarbæ.

Húsnæðið í heild sinni er í umsjá Umhverfis og framkvæmda sem sjá um stærra viðhald á húsnæðinu.

Óheimilt er að nota húsnæðið á annan hátt en í starfsemi tengda hjólabrettum, snjóbrettum og BMX. Til að mynda er búseta bönnuð í húsnæðinu. Þær breytingar sem BH hefur hug á að gera skal gera í samráði við Umhverfi og skipulagsþjónustu. Tilkynna skal Umhverfi og skipulagsþjónustu án tafar um þau atriði utan húss eða innan sem þarfnast lagfæringar eða viðhalds.

Brettafélagið skal bæta tjón á húsnæðinu eða fylgifié þess, sem verður af völdum meðlima félagsins, eða annarra sem það hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það

V. Upplýsingaskylda BH og viðurlög

9. gr.

BH er skylt að halda bókhald vegna rekstrar félagsins, sem skal fært samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.

- a. BH skal skila rekstraráætlun til íprótta- og tómstundafulltrúa fyrir 15. septemberár hvert.
- b. BH skal skila árshlutauppgjöri til íprótta- og tómstundafulltrúa fyrir janúar til og með júní 15. september ár hvert.
- c. BH skal skila ársreikningi til íprótta- og tómstundafulltrúa fyrir 15. apríl ár hvert.

10. gr.

Á grundvelli árshlutauppgjöra, ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir frekari skýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn. Verði BH ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur frá næstu mánaðamótum eftir skiladag uns úrbætur hafa átt sér stað. BH geta jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

11. gr.

Telji íprótta- og tómstundafulltrúi að Brettahöllin sé ekki rekin samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði BH ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum frá næstu mánaðamótum uns úrbætur hafa átt sér stað.

12. gr.

VI. Greiðslur Hafnarfjarðarbæjar

Fyrir rekstur skrifstofu greiðir Hafnarfjarðarbær 400.000. Fyrir opnunartíma vegna æfinga greiðir Hafnarfjarðarbær laun starfsmanns í 10 klst á viku frá 1. sept. til 30. maí ár hvert. Um er að ræða 40 vikur yfir vetrartímann og hver klst starfsmanns er metin á 3650 kr með öllum gjöldum og 10 klst opnun á viku samtals 1,4600.000 kr. Samtals nema heildargreiðslur Hafnarfjarðarbæjar til félagsins kr 1,860.000

Yfir sumartímann leggur Vinnuskóli Hafnarfjarðar til minnst 2 starfsmenn 18 ára eða yngri og er vinnutími í samræmi við reglur Vinnuskólans fyrir hvern aldur. Einnig leggur Vinnuskóli til flokkstjóra í 6 vikur til að stýra námskeiðahaldi á sumrin.

Brettafélagið annast sjálft launakostnað vegna annarra opnanna

Brettafélagið sendir inn reikning til Hafnarfjarðarbæjar einu sinni í hverjum mánuði fyrir einum tólfta upphæðarinnar.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2016 og er ótímabundinn þar tilannar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun/uppsögn með sex mánaða fyrirvara.

Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir.

13. gr

VI. Kostnaður

Brettafélagið greiðir fyrir rekstur slökkvitækja, ræstingar og heilbrigðiseftirlistgjald

Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir hita, rafmagn, tryggingar húsnæðis og rekstur eldvarna og öryggiskerfis.

Hafnarfjarðarbær rekur húsnæðið að öðru leiti. Skrifstofa æskulýðsfulltrúa greiðir innri húsaleigu vegna alls hússins sem nú er um 3.7 milljón kr. á ári.

VII. Ýmislegt

14. gr.

Eftirfarandi fylgiskjöl fela í sér nánari útfærslu á afnotum félagsins af Brettahöllinni, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

Fylgiskjal 1: Skipting Umhverfis- og skipulagsþjónustu í rekstur og viðhald

Fylgiskjal 2: Vaktaplan starfsmanna

Fylgiskjal 3: Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur íþróttahúsa

Breytingar á fylgiskjölum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjali skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningum sjálfum.

15. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 2015

Fh. Brettafélags Hafnarfjarðar
með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar

Fh. Hafnarfjarðarbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Fylgiskjal 1 – Skipting Umhverfis- og skipulagsþjónustu í rekstur og viðhald

Rekstur tilheyrir Brettafélaginu nema annars sé getið í samningnum en viðhald er Umhverfis- og skipulagsþjónustu

Rekstur innan dyra	Viðhald innan dyra
Þrif Ljós – önnur en ný Viðgerðir á sírennsli í WC og leki í krönum Lausar innstungur Viðgerðir á hurðalásum og hurðahúnum Rekstur öryggiskerfa, hitakerfa, loftræstikerfa, vatnsúðunarkerfa og bjöllukerfa Rafmagn Vatnskerfi Frárennsli, s.s. stíflur Viðgerðir á tækjum Viðgerðir á húsgögnum, bólstrun o.þ.h. Rekstur slökkvitækja Endurnýjun á klemmuvörnum	Málning Gólfefni Loftaefni Festar innréttingar Allar nýlagnir og endurbætur á lögnum Endurnýjun slökkvitækja sem nauðsyn er vegna umsagnar eldvarnareftirlits Öll ný kerfi skv. reglugerð s.s. brunakerfi Klemmuvarnir – nýjar
Rekstur, lóð og hús utan dyra	Viðhald, lóð og hús utan dyra
*Umhirða á gróðri Snjómokstur Hálkuvarnir Sópa gangstéttar Sandur og möl – endurnýjun Lagfæringar á leiktækjum Yfirfara girðingar, skipta út brotnum fjöllum og mála þær Veggjakrot Útiljós, perur og kúplar Hreinsa rennur og niðurföll	Málun Viðgerðir á útveggjum Þak, þakkantur og þakrennur Gluggapóstar og gler Merkingar á stofnunum Ný leiktæki á lóð, mála girðingar, net í mörk (Íþróttafulltrúi sér um að gervigrasvellir eru hreinsaðir reglulega)

Fylgiskjal 2 - Vaktaplan starfsmanna

Skv. 4. gr. skal íþróttá- og tómstundafulltrúi ákveða opnunartíma/þjónustutíma á dag, á viku og/eða ár í samráði við BH. Aðilar eru sammála um eftirfarandi opnunartíma árið 2016:

Brettahöllin skal vera opin til æfinga og keppni alla virka daga frá kl. 15:00 til kl. 21:00 og frá kl. 10:00 til kl. 18:00 á laugardögum og sunnudögum. Á sumrin frá júní til ágúst frá kl. 08:00 til kl. 16:00 á virkum dögum, lokað um helgar Brettahöllin skal vera lokað á öllum almennum frídögum nema ef skipulögð eru mót eða sýningar á þeim dögum.

Vaktaplan starfsmanna

Ætíð skal vera starfsmaður eða þjálfari í húsinu þegar barna- og unglíngastarf fer fram.

Hafnarfjarðarbær greiðir laun starfsmanns þegar æfingar fara fram. Brettafélagið skal með sjálfsaflaféi kosta starfsmann á þeim tíma sem opið er fyrir almenning sem greiðir fyrir með inngangseyri.

Hafnarfirði, 2015

Fh. Brettafélagsins

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

Fylgiskjal 3– Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur íþróttahúsa

1. Íþróttalög nr. 64/1998 með síðari breytingum
2. Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ásamt viðauka og skýringum, sem settar voru af Menntamálaráðuneytinu í okt 2002 og samþykktar af Íþróttá- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar 07.08.2003.
3. Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús, sem gerð var af Menntamálaráðuneytinu 2003.
4. Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum, frá 22.08.2003, sem samþykktar voru í Íþróttá- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar 25.08.2003 og staðfest af Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 03.09.2003.
5. Reglur um þrif í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar, sem samþykktar voru í Íþróttá- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar 11.02.2013 og staðfest af Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 20.02.2013.
6. Umgengnisreglur í íþróttahúsum Hafnarfjarðar